

Skólanámskrá

2021 – 2022



Nám og kennsla

4. bekkur

Umsjónarkennarar
Anika Rós Guðjónsdóttir
Sveinbjörg Sævarsdóttir



Efnisyfirlit







Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 4. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla	3
Námsmat.....	3
Lykilhæfni	4
Íslenska.....	4
Stærðfræði	5
Samfélagsgreinar	6
Náttúrugreinar	8
Enska	9
Heimilisfræði.....	10
Hönnun og smíði	11
Myndlist	12
Textúlmennt	13
Upplýsinga- og tæknimennt	13
Skólaíþróttir.....	14
Fjölgreindarval og listir	16
Tónmennt	16














Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 4. bekkjar eru Anika Rós Guðjónsdóttir og Sveinbjörg Sævarsdóttir. Heimastofa er Brekka. Stuðningfulltrúi er Helga Þórhallsdóttir. Nemendur fá 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

-  Íþróttir – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Heiðrún Rós Þórðardóttir
-  Sund – Margrét Ólöf Richardsdóttir
-  Heimilisfræði – Gunnhildur Gunnarsdóttir
-  Textílmennt – Margrét Sigrún Þórólfsdóttir
-  Hönnun og smíði – Harpa Magnúsdóttir
-  Myndlist – Eric Hearn

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 4. bekk

-  Íslenska – 7 stundir
-  Stærðfræði – 4 stundir
-  Samfélagsgreinar – 3 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 2 stundir
-  Enska – 2 stundir
-  Íþróttir/sund – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 4 stundir
-  Upplýsingar- og tæknimennt – 2 stundir
-  Tónmennt – 1 stund
-  Fjölgreindaval – 2 stundir
-  **Samtals: 30 stundir á viku**

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsinnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgastrá má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
80	120	145

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lestrarlag er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Ekki er gefin einkunn fyrir verkefni heldu aðeins Lokið og Ólokið. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.



- 🏡 Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- 🏡 Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- 🏡 Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- 🏡 Á góðri leið ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- 🏡 Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- 🏡 Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar. • sagt frá eftirminnilegum atburðum og endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. • hlustað og horft með athygli og greint frá upplifun sinni. • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi. • valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur sér til ánægju og skilnings. • lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. • beitt hugtökum eins og persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur. • beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rím, kvæði, vísu og ljóðlínu. • lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. • nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta svo sem upphaf, meginmál og niðurlag. • samið texta frá eigin brjósti, s.s sögu, ljóð, frásögn eða skilaboð. • beitt einföldum stafsetningarreglum og þekki tiltekin hjálpargögn við hæfi.
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • beitt orðaforða og málskilningi í töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi. • þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.



	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaorða og sagnorða. • leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu. • greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. • gert sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.
--	--

Kennsluefni og kennslugögn

Skinna I og II grunnbók og vinnubók. Málrækt 1 Sestu og lestu bókaflokkurinn. Lestrarbækur með eða án vinnubóka. Lestrar-og lesskilningshefti af Skólavefnum. Málgreinar og mas. Skrift 4 ásamt efni frá kennara. Ritum rétt og Stafsetning. PALS. Ljóðsprotar. Litla upplestrarkeppnin (ljóð, sögur og söngur). Ýmis ljósrít, forrit á tölvu og efni frá kennara. Orðabækur og réttitunarorðabækur.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli
Áhersla er lögð á lestur og lesa nemendur alla daga vikunnar upphátt fyrir kennara
Nemendur kynast algengum hugtökum í bragfræði og ljóðum
Nemendur leysa ólík lesskilningsverkefni
Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð
Nemendur skrifa eftir forskrift og vinna verkefni tengd því
Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni.
Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni

Námsmat

Lesfímipróf í september, janúar og maí. Lesskilningspróf í október, janúar, mars og maí. Kannanir lagðar fyrir jafnt og þétt yfir skólaárið og merkt á hæfnikort nemenda á Mentor. Málfræðipróf að vori.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrjú flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. • notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir. • tengt stærðfræði við daglegt líf.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> • túlkað og notað einföld stærðfræðitákn. • notað myndmál, frásögn og texta ásamt táknmáli stærðfræðinnar.



	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> • lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. • unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna. • notað stærðfræði við lausn á verkefnum sem takast þarf á í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga.
Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> • notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman. • notað tugakerfisrithátt. • þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning grunnreikniáðgerða. • fundið lausnir með hugarreikningi og notað vasareikni. • notað einföld brot og hlutföll og tengt við daglegt líf.
Algebra	<ul style="list-style-type: none"> • kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs.
Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> • unnið með mælikvarða og lögun. • notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í daglegu lífi og umhverfi sínu. • áætlað og mælt ólíka mælieiginleika s.s. lengd, flöt, rými, tíma, þyngd, hitastig og notað viðeigandi mælikvarða.
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> • safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið. • talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. • tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur.

Kennsluefni og kennslugögn

Sproti 4b, Við stefnum á margföldun, Við stefnum á deilingu, ýmis verkefni frá kennara
Ítarefni: Ljósrit, stærðfræðiforrit í tölvu og spjaldtölvu.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Innlögn kennara fyrir nemendur einslega og í hópum.

Útlistunarkennsla: Kennarinn leiðbeinir, miðlar þekkingu, fræðir, útskýrir og spyr spurninga.

Einstaklings- og hópavinna

Námsmat

Lotukannanir jafnt og þétt yfir skólaárið. Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor. Lokapróf í maí

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokkar: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
REYNSLUHEIMUR: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann	<ul style="list-style-type: none"> • borið kennsl á gildi s.s. virðingu, umhyggju og háttvísi. • kynnt sér sögu og samfélagsleg málefni heimabyggðar og tengsl við önnur svæði í grenndinni. • gert sér grein fyrir gildi og breytingu náttúrufars s.s. loftslags og gróðurfars auk mikilvægi góðrar umgengni. • kynnt sér mótun á íslensku samfélagi fyrir og nú. • áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. • þekkt helstu hátíðir og siði trúarbragða. • áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða. • kynnst hvernig tækni og framkvæmdir hafa áhrif á mannlíf og umhverfi. • aflað sér upplýsingar í námsgögnum og miðlum og nýtt vitneskju sína. • kynnst hvernig sagan birtist í munum og minningum. • komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
HUGARHEIMUR: Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum	<ul style="list-style-type: none"> • sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum. • gert sér grein fyrir hvar styrkur þeirra liggur. • áttað sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum s.s. gleði, sorg og reiði. • gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti. • gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf þeirra. • gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. • sett sig í spor annarra.
FÉLAGSHEIMUR: Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í samstarfi og samræðum í hópum. • rætt réttindi og skyldur í samfélaginu. • sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hafi ólíkan bakgrunn og beri virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. • hlustað á og greint að ólíkar skoðanir. • tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. • áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. • áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna. • sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. • sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Kennsluefni og kennslugögn

Komdu og skoðaðu sögu mannkyns. Trúarbrögðin okkar. Spor 4. Hugarfrelsi.



Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður, hópa-, para- og einstaklingsvinna Hópaverkefni, einstaklingsverkefni, samræðuverkefni.

Námsmat

Hópaverkefni, einstaklingsverkefni, samræðuverkefni.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
<i>Hæfniviðmið um verklag</i>	
Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekin málefni frá ýmsum sjónarhornum. sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. greint á milli ólíkra sjónarmiða er varða málefni daglegs lífs.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu. unnið eftir verkferli nýsköpunar þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð. bent á störf sem krefjast sérþekkingar.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> í máli og myndun miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum. notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum. útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum. aflað sér upplýsingar er varða náttúruna. skráð atburði og athuganir s.s. með ljósmyndun, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim. notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga. útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> verið meðvitaður um nánasta umhverfi og látið sig það varða. tekið þátt í að bæta eigið umhverfi. flokkað úrgang.



Hæfniviðmið um viðfangsefni	
Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> þekkti helstu hringrásir og tilgang þeirra.
Lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> átti sig á hvernig fræ verður að plöntu með gróðursetningu.
Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> kannast við mismunandi tegundir eldfjalla. kannast við helstu fjöll og jökla á Íslandi.
Heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> borið virðingu fyrir umhverfinu. flokkað úrgang.
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> kannist við hvernig tæknin hefur breyst. kannist við áhrif tækninnar á líf mannsins.

Kennsluefni og kennslugögn

Náttúran allan ársins hring. Í sveitinni með Æsu og Gauta. Komdu og skoðaðu fjöllin. Komdu og skoðaðu tæknina. Komdu og skoðaðu Hringrásina.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður, hópavinna og einstaklingsvinna

Námsmat

Hópaverkefni, einstaklingsverkefni, samræðuverkefni.

Enska

Hæfniviðmið

Enskukunnátta veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál. Nemendur kynnast ensku og læra undirstöðuatriði einfaldrar málfræði. Ásamt því að skilja einföld hugtök tungumálsins með því að tala, hlusta og skrifa.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> skilið einfalt mál og fylgt einföldum frásögnum um kunnulegt efni.
Lesskilningur	<ul style="list-style-type: none"> lesið og skilið stutta texta.
Samskipti	<ul style="list-style-type: none"> deilt upplýsingum og skoðunum með samnemendum/kennara um efni tengt náminu.
Frásögn	<ul style="list-style-type: none"> sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum og fjölskyldu.
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> lýst í einföldu máli því sem honum er næst, fjölskyldu, vinum og áhugamálum.
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. Geti tekið þátt í hópavinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.

Kennsluefni og kennslugögn

Speak Out

Work Out

Myndbönd af internetinu

Útrentuð verkefni af kennurum

Kennsluhættir og námsaðlögun

Hlustunaræfingar, tónlist, lesskilningsæfingar, hópavinna og ritun.

Námsmat

Orðaforðakönnun, munnlegt próf, stílar, hlustunarpróf og orðaforðapróf.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none">• unnin einföld verkefni í hópi, útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu á umhverfið.• fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni.
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none">• tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.• valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.• farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none">• útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.• farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.• sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none">• sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.• skilið einfaldar umbúðamerkingar.
Matur og menning	<ul style="list-style-type: none">• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Kennsluefni og kennslugögn

Heimilisfræði 4 ásamt ljósrituðu efni frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa a því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

Námsmat

Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.



Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Meningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> • unnin eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. • hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum. • unnið einföld verkefni í hópi. • útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið. • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt. • gengið frá eftir vinnu sína. • lagt mat á eigin verk.
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt. • gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með.
Hönnun og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • dregið einfalda tvívíða skissu og teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit. • framkvæmt einfaldar samsetningar. • sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíða- verkefnum og nýtt virknipætti í smíðis-gripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur. • bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi. • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.
Umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með. • beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.

Kennsluefni og kennslugögn

Efni af vef, handbækur og blöð

Kennsluhættir og námsaðlögun

Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annar

Sýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni

Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð

Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum

Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun.



Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd

Námsmat

Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans

Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none">• lýst og endurskapað endurtekið mynstur úr náttúrunni, umhverfinu og úr listaverkum.• þekkt listræna þætti í hlutum úr náttúrunni, umhverfinu og úr listum með áherslu á línur, liti, form og áferð.
Sjónlistir	<ul style="list-style-type: none">• skilgreint á milli mismunandi miðla þegar skoðuð eru listaverk (t.d. leir, málning, teikninga hráefni).• notað áferð í tvíþættum og þríþættum listaverkum.• blandað saman undirliti úr grunnlitum og lýsa aðferðinni.• sýnt fram á grunn hæfni í notkun efniviðs til styttugerðar (leir, pappír og pappírsmassa) til að skapa form og áferð í verkum.• notað mismunandi línur, form, liti og áferðir til að miðla hugmyndir eða tilfinningar í listaverkum.• teiknað eða málað stillimynd með notkun undirlita.• skapað listaverk byggðu á upplifun á alvöru hlutum eða hversdagslegu myndefni.

Kennsluefni og kennslugögn

Lesefni: The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.

Efni á netinu: Mrs Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun.

Námsmat

Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.

Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið námskeiðsins

Ábyrgð á umhverfi: Nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni
Teikniblokkir: Veita nemendum tækifæri til að skrá hjá sér hugsanir sínar með teikningum, pári eða einföldu kroti og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tímum.



Textílmennnt

Hæfniviðmið

Textímennt þjálfar nemendur í fínreyfingum, samvinnu og eflir þrautseygju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none"> tengt verkefnið sitt við notagildi hluta,
Handverk, aðferðir og tækni	<ul style="list-style-type: none"> þjálfað leikni sína á þau verkfæri sem notuð er í textílmennnt s.s skæri, nálar og fl. notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,
Sköpun, hönnun og útfærsla	<ul style="list-style-type: none"> notað skapandi hugsun í vinnuferli og vinni verkefni úr nokkrum gerðum textílefna. unnið með hugmynd sína frá efni í fullunnum hlut,
Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> tekið þátt í að bæta eigið umhverfi með endurvinnslu á afgangstextíl efnunum.

Kennsluefni og kennslugögn

Ljósrit, bækur og tímarit.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Bein kennsla, upplifun og umræður, sköpun og lausnar leitarnám.
Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrir fá aukaverkefni.
Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

Nemandinn er metin út frá verklegum einstaklingsverkefnum.

Upplýsinga- og tæknimennnt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennnt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferði og öryggismál.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> nýtt sér til gagns og ánægju ólíkan tæknibúnað.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> nýtt sér til gagns og ánægju ólíkan tæknibúnað s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms. leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> nýtt forrit við uppsetningu einfaldra verkefna, myndvinnslu og vefsmíðar. Forritun.
Sköpun og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> lýst á einfaldan hátt upplýsinga og tæknilæsi sínu. nýtt forritun á skapandi hátt.



Siðferði og öryggismál

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og netnotkun.

Kennsluefni og kennslugögn

Tölvur – spjaldtölvur - forritun, kennsluforrit og vefsíður

Kennsluhættir og námsaðlögun

Sýnikennsla

Sjálfstæð vinnubrögð

Nýta vefsíðu mms.is með námsleikjum og rafrænu lesefni

Nemendur læri á leitarsíður t.d google.is

Nemendur noti spjaldtölvur til að taka myndir

Nemendur noti myndvinnsluforrit

Fræðsla um netnotkun og neteinelti

Námsmat

Einstaklings – og hópaverkefni.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> • kynnt helstu boltaíþróttir og farið er yfir helstu boltatækni æfingar og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum. • tekið þátt í stöðluðum prófum. • kynnt sér helstu jafnvægi og samhæfniæfingar.
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.
Heilsa og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> • þekkt heiti líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka. • gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum. • þekkt hve mikilvægt það sé að halda hreinlæti.
Öryggis- og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> • farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Kennsluefni og kennslugögn

Öll áhöld íþróttahús og sundlaugar



Kennsluhættir og námsaðlögun

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu.

Para/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið eða hópa í hreyfileikjum eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun.

Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með hafa betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir.

Nemendur af erlendum uppruna fá meiri sýnikennslu í stað munnlegra skilaboða.

Námsmat

Íþróttir

- Verkleg próf - *Framúrskarandi- Hæfni náð- Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar*

Verkleg próf í eftirfarandi þáttum verða metin:

- Hlaupapróf, sippa, liðleiki, jafnvægi, kollhnís, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.

Áhugi og virkni:

- Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
- Hæfni náð - Oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
- Á góðri leið - Oft áhugasamur og virkur í kennslustund
- Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - Nemendur fá einkunn í einkunnarorðum: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann líkur sundstigi á árinu.

Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti fimm af sex hæfniþáttum til að ná 4.sundstigi.

Verkleg próf – Hæfni nemenda metin: Framúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð

- 25 m bringusund
- 15 m skólabaksund
- 12 m skriðsund
- 12 m baksund
- Flugsundsátök
- Stunga úr kropstöðu af bakka



Fjölgreindarval og listir

Hæfniviðmið

Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd aðgreind en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.• séð mynstur og hugsað í lausnum.• öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð.
Samskipti	<ul style="list-style-type: none">• þroskað persónulega tjáningu og smekk.• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að verki.• hlustað á hugmyndir annarra og lagt fram eigin hugmyndir.
Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none">• skoðað og metið eigin gildi og viðhorf.• rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum.• áttað sig á mismunandi menningarsvæðum.

Kennsluefni og kennslugögn

Ýmsir vefir, tónlist, myndbönd, pappír, listavagnar, búningar, tölvur/spjaldtölvur, spil og fl.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Umræður
Kveikja
Verkefnavinna

Námsmat

Hópa- og umræðuverkefni

Tónmennt

Hæfniviðmið

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi til að nemendur geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, gert sér grein fyrir gildi og notið hennar. Tónlist er tengd öllu skólastarfi og því samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsflokkar	Hæfniviðmið, að nemandi geti:
Menningarlæsi	<ul style="list-style-type: none">• þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.• tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk / hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.



	<ul style="list-style-type: none">• greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. popp, rokk).• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.• unnið einföld verkefni í hópi.
--	--

Kennsluefni og kennslugögn

Tónlist og Afríka.

Sem og annað efni sem kennari hefur safnað saman og ýmsir netmiðlar.

Kennsluhættir og námsaðlögun

Syngja og dansa við afríska tónlist. Ræðum um ólík hljóðfæri og ólíka tónlistarmenningu víða um Afríku.

Námsmat

Hópa- og umræðuverkefni.